



Iðnaðarráðuneyti
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03. október 2007
Tilvísun: 2007100002
Bréfalykill: 10.1
Verknúmer: 4202000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um kæru Óla Árna Vilhjálmssonar og Ólafíu Skarphéðinsdóttur vegna synjunar um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarráðuneytisins, dags. 1. október 2007, þar sem stofnuninni er gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum varðandi kæru Óla Árna Vilhjálmssonar og Ólafíu Skarphéðinsdóttur frá 22. september 2007, vegna synjunar Orkustofnunar um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Eins og fram kemur í gögnum sem fylgdu erindi iðnaðarráðuneytisins er húsnæði það sem synjað var um niðurgreiðslur fyrir skráð sem sumarbústaður í gögnum Fasteignamats ríkisins og landnotkun sumarbústaðaland.

Orkustofnun telur að sumarbústaður geti ekki talist íbúðarhúsnæði í skilningi laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar 78/2002, en í 1. gr. laganna segir m.a.:

"Lög þessi mæla fyrir um úthlutun fjár sem ákveðið er í fjárlögum til:

1. Niðurgreiðslu kostnaðar við hitun íbúðarhúsnæðis hjá þeim sem ekki eiga kost á fullri hitun með jarðvarma."

Einnig er bent á að samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna er heimilt að greiða niður hluta kostnaðar við hitun húsnæðis sem er skráð sem íbúðarhúsnæði hjá Fasteignamati ríkisins þótt þar sé ekki föst búseta.

Í lögunum er samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum gengið út frá því að almennt sé einungis heimilt að greiða niður kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis en aðeins í sérstökum undantekningartilvikum í annars konar húsnæði. Þær undantekningar eru tilgreindar í 3. mgr. 4. gr. laganna, en þar segir: "Kostnaður við hitun kirkna, bænahúsa trúfélaga, safna, félagsheimila og húsnæðis björgunarsveita skal greiddur niður á sama hátt og hitun íbúða." Í ákvæðinu er ekki minnst á sumarbústaði. Orkustofnun telur að skýra beri undanþáguákvæðið þröngt í samræmi við almennar lögskýringarreglur.

Því telur stofnunin ekki lagaheimild til að fallast á kröfur kæranda um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar.

Virðingarfyllt

Elín Smáradóttir

